

AUGLÝSING

um náttúrvættið Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár í Garðabæ.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að tillögu Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands og með samþykki Garðabæjar að friðlýsa Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluta Selgjár sem náttúrvætti skv. 2. tl. 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Búrfell er eldstöð frá nútíma með fallegri og heillegri hrauntröð, Búrfellsgjá, sem er um 3,5 km löng. Frá Búrfelli hefur runnið mikið hraun sem þekur um 18 km² lands. Innan svæðisins eru fornminjar, svo sem Gjáarétt sem er í vesturenda Búrfellsgjár, fyrirhleðslur, Réttargerði og vatnsbólið Vatnsgjá. Menningarminjar þessar eru friðlýstar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Náttúrvættið er kjörið til útvistar, umhverfisfræðslu og rannsókna, en Búrfell og nágrenni er vinsælt útvistarsvæði.

Hið friðlýsta svæði er 323 hektarar að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið með friðlýsingu Búrfells, Búrfellsgjár og eystri hluta Selgjár sem náttúrvættis, er að vernda eldstöð frá nútíma ásamt hrauntröð þess sem er meðal bestu dæma um hrauntraðir frá nútíma. Verndargildi svæðisins byggir fyrst og fremst á jarðmyndunum frá nútíma sem hafa hátt vínsinda-, fræðslu- og útvistargildi, auk gróðurfars.

Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að auðvelda umgengni og kynni af náttúruminjum. Vegna nálægðar við þéttbýli er svæðið kjörið til umhverfisfræðslu og útvistar. Búrfell og nágrenni er vinsælt útvistarsvæði.

3. gr.

Mörk náttúrvættisins.

Mörk svæðisins að norðaustanverðu fylgja Hlíðarvegi við innsta hluta Vífilsstaðahlíðar að beygju við enda hlíðarinnar, þaðan áfram í beinni stefnu að norðvesturhorni marka Bláfjallafólkvangs, sveigir þaðan til suðurs og vesturs umhverfis eldstöðina Búrfell og Kringlóttugjá, og fylgja síðan mörkum Búrfellshrauns og Helgadalshrauns (sbr. berggrunnskort, Elliðavatn 1613 III SV-B) að hæsta hluta Smyrlabúðar, þaðan sjónhending í Markastein í Tjarnholtum og þaðan beina línu í punkt við Heiðmerkurgirðingu að Hlíðarvegi. Hluti náttúrvættisins er innan Reykjanesfólkvangs. Mörk náttúrvættisins eru nánar skilgreind í hnitatöflu (ISN93) og á meðfylgjandi upprætti í fylgiskjali:

Nr.	X	Y
18	360324,348	397366,112
19	362212,541	385338,898
20	360845,387	394650,952
21	359592,318	396993,842

4. gr.

Vernd jarðmyndana.

Allt rask á jarðmyndunum er óheimilt í náttúrvættinu. Allar framkvæmdir sem heimilaðar verða skv. 11. gr. þessarar auglýsingar skulu miðast við að halda markmiðum friðlýsingarinnar og vernda jarðmyndanir.

5. gr.

Vernd gróðurs og dýralífs.

Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og skapa skilyrði til náttúrulegrar endurnýjunar staðargróðurs með það að markmiði að ekki verði raskað líffræðilegri fjölbreytni svæðisins.

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi eða gáleysi innan marka náttúrvættisins.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu þ.m.t. rækta framandi plöntutegundir í náttúrvættinu, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Ekki er gert ráð fyrir gróðursetningu trjáplantna eða notkun áburðar sem rýrir verndargildi svæðisins.

6. gr.

Vernd menningarminja.

Óheimilt er að hrófla við menningarminjum eða skemma á annan hátt. Gjáarétt í vesturenda Búrfellsgjár, svo og hellar og fyrirhleðslur og vatnsból eru friðlýst, sbr. þinglýsingi 6. maí 1964. Verndun annarra menningarminja í náttúrvættinu er í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012.

7. gr.

Notkun skotvopna.

Notkun skotvopna er bönnuð innan marka náttúrvættisins nema til veiða á ref, ágengum framandi tegundum, s.s. mink og vegna veiða á grundvelli 5. mgr. og 7. mgr. 7. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

8. gr.

Umferð um náttúrvættið.

Almenningi er heimil för um náttúrvættið og almennt skal fylgja merktum leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni.

Umferð með hesta er heimil eftir reiðleiðum sem sýndar eru á samþykktu aðalskipulagi.

Akstur vélknúinna farartækja utan akvega er óheimill í náttúrvættinu.

Óheimilt er að hafa lausa hunda í náttúrvættinu.

9. gr.

Umsjón náttúrvættisins.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með náttúrvættinu samkvæmt 28. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Umhverfisstofnun skal gera samning um daglegan rekstur og umsjón svæðisins við Garðabæ sem umhverfisráðherra skal staðfesta. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir, landvörslu og fræðslu.

10. gr.

Verndar- og stjórnunaráætlun.

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð verndar- og stjórnunaráætlunar fyrir náttúrvættið í samráði við Garðabæ og stjórn Reykjanesfölkvangs, sbr. d-lið 2. mgr. 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Í verndar- og stjórnunaráætlun skal fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu mannvirkja.

11. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi innan marka náttúrvættisins eru óheimilar nema með leyfi Garðabæjar og Umhverfisstofnunar, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, og að teknu tilliti til ákvæða laga nr. 160/2010 um mannvirkji og skipulagslaga nr. 123/2010. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlun og verndar- og stjórnunaráætlun.

Nr. 511

30. apríl 2014

Gert er ráð fyrir að gömlum stígum og vegum verði viðhaldið sem gönguleiðum og einnig að fjölda merktum og stikuðum gönguleiðum og stígum um svæðið sem tengst geta öðrum gönguleiðum innan og utan náttúrvættisins.

Áður en ráðist verður í mannvirkjagerð innan náttúrvættisins skal deiliskipuleggja svæðið.

12. gr.
Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, skv. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.


13. gr.
Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 30. apríl 2014.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Guðríður Þorvarðardóttir.

Fylgiskjal.

UMHVERFISSTOFNUN GARDABÆR	Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár	Mörk friðlysingar Reykjanessólkvangur Blájöll	N	Flatarmál: Kortavörpun: Lambert keiluvörpun Hnattstæða: ISN93 Kortageð: Guðni Hannesson LM Dags: 29.08.2012 © Landmælingar Íslands
------------------------------	--	--	---	---